



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Ég veit þú kemur

.....  
FIMMTUDAGUR 3. MAÍ 2012  
.....



## ÉG VEIT ÞÚ KEMUR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 3. MAÍ 2012 KL. 20:00

**Sigríður Thorlacius** söngvari  
**Sigurður Guðmundsson** söngvari  
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Forleikur: Ég veit þú kemur** (Oddgeir Kristjánsson)  
**Um þig** (Manha De Carnaval – Luis Bonfá/Ólafur Gaukur)  
**Heima** (Oddgeir Kristjánsson/Ási í Bæ)  
**Ástarsálmur** (Hymne à l'amour – Marguerite Monnot/Þórarinn Eldjárn)  
**Eina langa sumarnótt** (Once Upon a Summertime – Eddie Barclay/Michel Legrand/Sigurður Guðmundsson)  
**Dalakofinn** (Autumn Dream – Archibald Joyce/Daívið Stefánsson)  
**Þrek og tár** (Varför skal man tvinga mig at sjunga? – Otto Lindblad/Guðmundur Guðmundsson)

### Hlé

**Ég mun bíða þín** (I Will Wait For You – Michel Legrand/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Þar til í nótt** (Wait Until Dark – Henry Mancini/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Ef þú ferð frá mér** (If You Go Away/Ne me quitte pas – Jacques Brel/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Ekki taka það til þín** (Make It Easy On Yourself – Burt Bacharach/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Húsið** (A House is Not a Home – Burt Bacharach/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Ein** (The Windmills of Your Mind – Michel Legrand/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Aftur og aftur** (World We Knew/Ore d'amore – Bert Kaempfert/Bragi Valdimar Skúlason)  
**Á morgun** (Ingibjörg Þorbergs)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.

Hlé á tónleikunum stendur í 20 mínútur.



Á tónleikum Sigríðar, Sigurðar og Sinfóníunnar í júní 2011 var gerð hljómleikaupptaka sem er nú fánleg á geisladiski.



### BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

## Sigríður Thorlacius

söngkona



Sigríður Thorlacius er fædd í Reykjavík fyrir tæpum 30 árum síðan. Hún gekk hinn hefðbundna menntaveg auk þess að leggja stund á tónlistarnám frá barnsaldri. Að loknu nokkurra ára námi á píanó við Tónmenntaskóla Reykjavíkur, hóf hún klassískt söngnám við Söngskólann í Reykjavík þar sem aðalkennari hennar var Elísabet Eiríksdóttir. Hún ákvað að söðla um og innritaðist í Tónlistarskóla FÍH haustið 2004 og lauk þaðan burtfararprófi frá jazzdeild skólans vorið 2008. Kennarar hennar þar voru þau Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Sigurður Flosason.

Samfara söngnámi gekk Sigríður í Menntaskólann við Hamrahlíð og söng í kór skólans og síðar Hamrahlíðarkórnum, undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur, í rúm tíu ár. Í gegnum starf sitt þar kynntist hún félögum sínum í hljómsveitinni Hjaltalín, en hún gekk til liðs við þá sveit árið 2006 og hefur starfað með þeim síðan. Sveitin hefur gefið út tvær hljóðversplötur auk tónleikaplötu og -myndar sem tekin var upp á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands snemmsumars 2010. Sigríður og Heiðurspiltarnir hennar gáfu út plötuna Á Ljúflingshól haustið 2009, en sú plata inniheldur lög þeirra bræðra Jóns Múla og Jónasar Árnasona.

## Sigurður Guðmundsson

söngvari



Sigurður Guðmundsson er fæddur í Keflavík 1978 og hóf blokkflautunám um fimm ára aldur í tónlistarskóla Njarðvíkur. Þar prófaði hann eitt og annað, kornett og saxófón en gafst upp á lúðrapytum og fannst hann verða að geta sungið með. Hann rambaði svo loks á gítarinn eftir að hafa setið á einhverri kvöldvökunni með mjólkurkex og appelsínudjús og gónt furðu lostinn á gítarleikarann sem söng þar hástöfum við sinn eigin gítarundirleik. Og það varð ráð. Um fermingu fór Sigurður að slá þrístrengdan gítar ömmu sinnar og læra vísnaþókina spjaldanna milli.

Síðan bar svo við að hann rak eyru í Hammond-orgelið, sem verið hefur hans aðalhljóðfæri síðan um tvítugsaldur, og hefur hann vermt orgelbekkinn í hinum ýmsu hljómsveitum síðan þá. Fyrst var hljómsveitin Fálkar frá Keflavík sem starfaði um nokkurra ára skeið og lék ósungna mannfagnaðamúsík. Gaf sú sveit út tvær hljómskífur. Síðla árs 2003 var síðan stofnuð í Keflavík hljómsveitin hjálmar, sem óþarft er að kynna, og starfað hefur með stuttu hléi síðan og sent frá sér fimm hljómplötur. Sigurður hefur og einnig leikið og sungið inn á fjölda hljómplatna með Memfismafíunni, Agli Sæbjörnssyni, Kristjáni Kristjánssyni, Rúnari Júlíussyni o.fl. Sigurður hefur einnig gefið út tvær einsöngshljómplötur ásamt fyrrnefndri Memfismafíu, og hafa báðar selst geysivel.

## **Bernharður Wilkinson**

*hljómssveitarstjóri*



Bernharður Wilkinson hóf tónlistarferil sinn sem kórdrengur við Westminster Abbey í Lundúnum. Hann kom til Íslands árið 1975 að loknu námi í flautuleik við Royal Northern College of Music og réðst til Sinfóníuhljómssveitar Íslands. Bernharður hefur verið búsettur í Færeyjum um nokkurra ára skeið en hefur verið mikilvirkur í íslensku tónlistarlífi sem kennari, flytjandi og stjórnandi. Hann kenndi um árabíl við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einn af stofnfélögum Blásarakvintetts Reykjavíkur.

Bernharður hefur m.a. stjórnað Sinfóníuhljómssveit æskunnar, Lúðrasveit æskunnar og Kammersveit Reykjavíkur. Hann stjórnaði einnig sönghópnum Hljómeyki um árabíl og var aðstoðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands frá 1999 til 2003. Hann stjórnaði frumflutningi á fyrstu sinfóníu Færeyinga, sinfóníu eftir Sunleif Rasmussen sem síðar hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin, og fyrstu fær-eysku óperunni, Í Ódamansgardi eftir Rasmussen. Bernharður stjórnaði SÍ í hljóðritun BIS á flautukonserti Hauks Tómassonar, sem hlaut Midem-verðlaunin í Cannes árið 2006.

## **Hrafnkell Orri Egilsson**

*útsetjari*



Hrafnkell Orri Egilsson stundaði nám í sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Gunnari Kvaran og síðar við Tónlistarháskólann í Lübeck í Þýskalandi þaðan sem hann lauk Diplom-prófi árið 2002. Hann hefur starfað við Sinfóníuhljómssveit Íslands frá árinu 2002.

Hrafnkell Orri Egilsson hefur á síðustu árum í æ ríkari mæli fengist við útsetningar af ýmsu tagi, fyrst með salonhljómssveit sinni L'amour fou sem gaf út geisladiskinn Íslensku lögin árið 2005. Hrafnkell útsetti tónleika Sinfóníuhljómssveitarinnar og Ragnheiðar Gröndal og Eivarar Pálsdóttur árið 2006, Manstu gamla daga. Hann útsetti einnig jólaplötu Sigurðar Guðmundssonar, Nú stendur mikið til, sem kom út fyrir jólin 2010 og notið hefur mikilla vinsælda.

## ÉG VEIT ÞÚ KEMUR

Ef ætti að finna eitt orð sem liggur eins og rauður þráður í gegnum lögin sem verða flutt á þessum tónleikum hlýtur það að vera tregi. Hér er sungið um blæðandi hjörtu og elskendur sem var ekki skapað nema skilja, sæluna sem eitt sinn ríkti en nú sé veröldin litlaus og hljóð. Þetta eru lög í moll, með nokkrum afar vel heppnuðum undantekningum; það er eitthvað við litlu þríundina sem hæfir melankólíunni svo furðulega vel.

Angurværðin sem ræður ríkjum í lagavalinu er þó hending ein segir söngkonan Sigríður Thorlacius mér, og engin kveikja að tónleikunum sem slíkum. Hugmyndir kviknuðu yfir kaffibollum í heimahúsum þar sem gamlar brakandi vínplötur snerust á fóninum og söngvararnir Sigríður og Sigurður og hljómsveitarútsetjarinn Hrafnkell Orri tóku að bera saman bækur sínar. Hér heyrum við lög úr öllum áttum, samin fyrir ólík tilefni: Bossa-nóvur frá Brasilíu og valsa frá Bretlandi, ástarsöngva úr íslenskum söngleikjum og amerískum bíómyndum, sönglög sem hafa ferðast landa á milli, fengið nýja texta og um leið nýja merkingu. Og þetta eru lög sem eru öll nátengd söngroddum, ákveðnum blæbrigðum og hendingamótun. Við heyrum fyrir okkur lágstemmda, nánast mínímalíska túlkun Dionne Warwick þegar tónlist Burt Bacharach ber á góma, silfurtæran og ótrúlega afslappaðan og látlausan flutning Ellýjar Vilhjálms á lögum Jóns Múla, við hugsum um lagið **Þrek og tár** eða *Varför skal man tvinga mig at sjunga?* og Haukur Morthens og Erla Þorsteins byrja ósjálfrátt að syngja í kollinum á okkur. Og þær eru fleiri dívurnar af báðum kynjum og af ýmsum þjóðernum sem taka að syngja í huga manns. Ingibjörg Þorbergs, Edith Piaf, Alfreð Clausen, Jacques Brel, Haukur Morthens, Nina Simone, Erla Þorsteins, Frank Sinatra að ógleymdri ólýsanlegri rödd hins bandaríska Scott Walker sem



Michel Legrand

hefur túlkað ófá lög á þessum lagalista. Þau deila raunar aðdáun á söngstíl hans og túlkun, þau Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, og kannski má segja að á einhvern hátt sé Scott Walker límið á bak við lagavalið. Scott Walker og treginn.

Þetta eru líka lög sem bjóða upp á mögnuð litbrigði og flottar símfónískar útsetningar. Þau hafa mörg hver farið í gegnum alls konar útúrsmúninga og útsetningar og ættu samkvæmt flestum mælistikum að vera orðin útjöskuð og þreytt en viti menn, þau geta viðhaldið seiðmagni sínu og ferskleika. Bossa-nóvan hans Luiz Bonfá, **Um þig** eða *Manha de Carnaval* sem hljómaði í bíómyndinni *Svarti Orfeus* frá árinu 1959, er ágætt dæmi. Það komst inn á gamlan lista Heimsmetabókar Guinness, yfir eitt af tíu vinsælustu og útbreiddustu sönglögum heims, hvorki meira né minna, enda hefur það verið túlkað af óteljandi tónlistarmönnum úr öllum geirum. En alltaf nær það að koma við hjartað í manni þegar túlkunin er sannfærandi og rétt.

Það sama má segja um annað kvikmyndalag sem hér hljómar, sönglag hins franska Michel Legrand, **Ég mun bíða þín** úr *Regnhlífunum frá Cherbourg* frá árinu 1964. Michel Legrand hefur samið tónlist fyrir hundruð kvikmynda og sjónvarpsþátta, hlotið Óskarsverðlaun og Grammyverðlaun, starfað með stórstjörnum úr heimum popptónlistar, klassíkur og djass en ætli þetta sé ekki lagið sem hefur haldið nafni hans helst á lofti. Og þegar Haukur Morthens tók lag Legrands upp á sína arma árið 1968, skömmu eftir að hin sérstæða söngleikja-kvikmynd um *Regnhlífarnar* hafði slegið rækilega í gegn hér á landi, og söng það við íslenskan texta Hjördísar Morthens, varð það líka smátt og smátt hluti af íslenskri dægurlagasögu. *The Windmills of Your Mind* eða **Ein**, annar kvikmyndasmellur eftir Legrand, var titillag

Haukur Morthens



myndarinnar *The Thomas Crown Affair* árið 1968. Lagið hefur verið túlkað og flutt af stórum hópi listamanna og við endurgerð myndarinnar 1999 mátti heyra lagið í flutningi Sting. Upphafshendingar lagsins skírskota til upphafs annars þáttar *Sinfóníu concertante* fyrir fiðlu og víólu eftir W.A. Mozart. **Ein löng sumarnótt** er einnig úr smiðju Legrands en lagið samdi hann í samvinnu við plötuútgefandann Eddie Barclay. Lagið er einkar hugljúft og fallegt og varð eftirlæti margra í flutningi Barböru Streisand árið 1966. Aðdáanda Legrands varð þá á orði að maðurinn gæti bara ekki annað en samið falleg lög.

Þau eru fleiri „íslensku“ dægurlögin af erlendum uppruna sem hér hljóma. Lög sem hafa ferðast hingað til lands eftir miskræklóttum leiðum, fengið nýtt nafn, nýtt inntak og um leið nýtt þjóðerni. Lagið sem þau Haukur Morthens og Erla Þorsteins sungu við ljóð Guðmundar Guðmundssonar skólaskálds um **Þrek og tár** er til dæmis eignað sænsku 19. aldar tónskáldi, Otto Lindblad að nafni, þótt nú sé það órofa partur af íslenskri tónlistarsögu. Hver veit nema íslenskir stúdentar á Norðurlöndunum hafi kynnst tónlist Lindblad í námi sínu erlendis og fært okkur þau við heimkomu, en Lindblad samdi fjölmörg sönglög sem Svíar syngja við alls kyns tækifæri.

**Dalakofann** flokkum við líka ótvírætt til íslenskrar dægurlagasögu enda hefur lagið í áratugi verið eitt allra vinsælasta sönglag þjóðarinnar, sungið á öðru hverju mannamóti. Lagið er hins vegar af breskum uppruna, sótt til enska tónskáldsins Archibald Joyce en nafni hans hefur lítt verið haldið á lofti í seinni tíð. Í heimalandi sínu var Archibald Joyce þó vel þekktur um aldamótin þar síðustu, uppnefndur enski valsakóngurinn, enda stjórnandi einnar vinsælustu salonsveitar Englands

Þórarinn Eldjárn



sem hafði í nógu að snúast við að spila á dansleikjum veisluglaðra Breta. Og þar hefur sjálfsagt lagið **Dalakofinn** eða *Autumn Dream* hljómað oft og mörgum sinnum – lagið sem við syngjum við dramatískar ljóðlínur Davíðs um sæluna sem felst í fátæktinni og þrána eftir vorinu. Ekki dregur það heldur úr dramatíkinni að fróðir menn um Títanic-sjóslysið hafa leitt að því líkur að **Dalakofinn** (eða *Autumn Dream*) hafi verið eitt allra síðasta lagið sem skipshljómsveitin White Star Line lék á meðan skipið sökk, 14. apríl 1912. Þetta má meðal annars skilja af frásögn eins þeirra sem lifði sjóslysið af, liðsforingjans Harold Sydney Bride.

Og heimurinn hefur lit sínum glatað í hinu stórkostlega lagi **Aftur og aftur** eða **The World We Knew**. Máninn og sólin virtust tilheyra okkur einum en sá draumur er fyrir bí enda ástin kulnuð og veröldin grá. Lagið **The World We Knew** samið af Bert Kaempfert, Herb Rehbein og Carl Sigman og hljómaði í túlkun krúnarsins Frank Sinatra á samnefndri plötu frá árinu 1967, en sú plata hafði meðal annars að geyma hinn ódauðlega smell; *Something Stupid* sem Sinatra söng með Nancy dóttur sinni. Bæði löggin náðu langt á bandarískum vinsældalistum útgáfuárið 1967.

Eins og raustir Erlu Þorsteins og Hauks byrja að óma í höfðum okkar þegar lagið **Þrek og tár** er annars vegar fara raddir Ingibjargar Þorbergs og Alfreðs Clausen ósjálfrátt að klingja þegar lagið **Á morgun** á í hlut. Þetta lag tónskáldsins og útvarpskonunnar Ingibjargar Þorbergs sem er í hæsta gæðaflokki kom fyrst út á plötu árið 1953. Tveimur árum eldra er hinn fallegi ástaróður til Vestmannaeyja, **Heima** eftir Oddgeir Kristjánsson og Ása í Bæ, samið fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum 1951 en Oddgeir var hirðtónskáld Þjóðhátíðarinnar í Eyjum frá árinu 1933 til dauðadags; Oddgeir lést langt fyrir aldur fram árið 1966.

Edith Piaf




Belgíska söngvaskáldið Jacques Brel samdi lagið **Ne me quitte pas** árið 1959 og hljóðritaði lagið hvort tveggja á frönsku og svo á flæmsku tveimur árum síðar. Lag Brels hefur ferðast um alla veröld, verið þýtt á yfir 20 tungumál, jiddísku, hebresku og arabísku svo eitthvað sé nefnt. Þetta er ekki lag um ástina heldur hugleysi mannsins sagði Brel einhvern tímann í viðtali, en sagan segir að ljóðið hafi hann ort til ástkonu sinnar, Zizou eða Susanne Gabriello, eftir að hún henti honum á dyr. Zizou hafði sagt Brel að hún væri barnshafandi en hann vildi ekki gangast við barninu. Síðar lét hún eyða fósturinu.

Sagan af **Ástarsálm** Edithar Piaf, **Hymne a l'amour** er ekki síður dramatísk, ljóðið tileinkað ástinni í lífi hennar, franska boxaranum Marcel Cerdan. Lagið flutti Piaf fyrst 14 september 1949 í kabarettinum Versailles í New York. Tæpum sex vikum síðar, 27. október, fórst Cerdan í flugslysi yfir Atlantshafinu, á leið frá París til New York þar sem hann var á leið til fundar við Piaf. Þýðing Þórarins Eldjárns var gerð fyrir vinsæla uppsetningu Þjóðleikhússins á verkinu *Edith Piaf* eftir Sigurð Pálsson þar sem Brynhildur Guðjónsdóttir var í titilllutverkinu.

Hér hljómar líka lagið **Par til í nótt** eða **Wait Until Dark**, samið af einu besta kvikmyndatónskáldi allra tíma, Henry Mancini. Lagið var samið fyrir aldeilis magnaða spennumynd frá árinu 1967 með Audrey Hepburn og Alan Arkin í aðalhlutverki. Lög Burt Bacharach eru líka frá sjöunda áratugnum, **Húsið (A House is not a Home)** hljómaði fyrst í túlkun Dionne Warwick árið 1964, tveimur árum eldra er lagið **Ekki taka það til þín (Make It Easy on Yourself)**, fyrst túlkað af Warwick en náði ekki síður vinsældum í túlkun Walker-bræðra með Scott Walker sjálfan í fararbroddi árið '65.

Henry Mancini



Og svo framvegis. Hér eru leiðarstefin sum sé treginn, angurværðin og fegurðin ein. Því þetta eru fyrst og fremst falleg lög sem koma við hjartað í manni þegar vel tekst til. Sellóleikarinn Hrafnkell Orri Egilsson hefur sýnt það og sannað að hann er frábær hljómsveitarútsetjari en hann hefur útsett lög Gunnars Þórðarsonar, hljómsveitarinnar Hjaltalín auk fjölmargra íslenskra og erlendra dægurlaga, hvort tveggja fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og salonsveitina L'Amour Fou sem hann spilar sjálfur með. Bragi Valdimar Skúlason orti nýja texta við fjölda laga á efnisskránni fyrir þessa tónleika, en hann er fyrir allöngu alræmdur fyrir starf sitt með afþreyingarrísanum Baggalúti, auk þess sem hann er hluti af Memfismafiunni svokölluðu og hefur auk þess samið efnið á barnaplötuna Gilligill, fönkóperuna Diskóeyjuna og nú síðast tónlist við leikritið Ballið á Bessastöðum. Og um túlkun þeirra Sigríðar og Sigurðar á gömlum dægurlögum þarf heldur ekki að fjölýrða, bæði hafa þau slegið í gegn með plötuútgáfum þar sem íslenskir smellir hafa fengið að óma. Nú er því bara að halla sér aftur í sætinu, loka augunum og leyfa tónlistinni að snerta hjartað.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

3. maí 2012

### 1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius  
Andrzej Kleina  
Pálína Árnadóttir  
Martin Frewer  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Mark Reedman  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Lin Wei  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

### 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Helga Steinunn Torfadóttir  
Joanna Bauer  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Lilja Hjaltadóttir  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

### VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Kathryn Harrison  
Helga Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Eyjólfur Alfreðsson

### SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Auður Ingvadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Guðrún Th. Sigurðardóttir  
Margrét Árnadóttir

### BASSI

Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Þórir Jóhannsson

### FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

### ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

### KLARINETT

Rúnar Óskarsson  
Helga Björg Arnardóttir  
Ármann Helgason

### FAGOTT

Rúnar Vilbergsson  
Darri Mikaelsson  
Brjánn Ingason

### HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
Eric Klay, bassabásúna

### TÚBA

Aaron Tindall

### HARPA

Katie Buckley

### PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### PÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

### HLJÓMBORÐ

Eyþór Gunnarsson

### GÍTAR

Guðmundur Pétursson

### BASSI

Guðmundur Óskar Guðmundsson

### TROMMUR

Matthías Hemstock

# Það er alltaf nóg að gera!

Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.





# GAMMA er einn aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval  
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða  
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, [www.gamma.is](http://www.gamma.is)



**GAMMA**  
GAM Management hf